

73

24. nóv.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 16. nóvember 1960 var undirritaður í Prag nýr viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Gildistími samningsins er frá 1. september 1960 til 31. ágúst 1963, en vörulistar sem jafnframt var samið um gilda í 1 ár.

Jafnframt var undirritaður nýr greiðslusamningur milli landanna sem gildir til 31. ágúst 1961, en framlengist sjálfkrafa um 1 ár, ef honum er ekki sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 24. nóvember 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

74

3. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluorðsins „55000“ komi: 65000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. desember 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

75

13. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1961 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum

með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljótleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

75
13. des.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. desember 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1958.

76
22. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1958, eru veittar kr. 140 979 368.36 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál	kr. 5 783 560.00
af kr. 6 996 438.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Síminn	— 11 159 931.10
en tekjur fóru kr. 8 758 885.12 fram úr fjárlagaáætlun.	
3. Áfengisverzlun ríkisins	— 5 030 421.43
af kr. 27 151 743.80 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
4. Tóbakseinkasala ríkisins	— 974 373.25
af kr. 19 284 606.78 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
5. Ríkisútvarpið	— 2 960 564.48
en tekjur fóru kr. 1 923 303.26 fram úr fjárlagaáætlun.	
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	— 54 864.41
en tekjur fóru kr. 30 360.76 fram úr fjárlagaáætlun.	
7. Innkaupastofnun ríkisins	— 53 398.03
af kr. 361 479.23 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
8. Vífilsstaðabú	— 56 134.69
en tekjur fóru kr. 54 775.70 fram úr fjárlagaáætlun.	
9. Kópavogsbú	— 7 360.78
af kr. 41 108.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
10. Skólabúið á Hólum	— 335 573.76
en tekjur fóru kr. 307 048.56 fram úr fjárlagaáætlun.	
11. Skólabúið á Hvanneyri	— 371 109.27
en tekjur fóru kr. 366 719.62 fram úr fjárlagaáætlun.	
12. Skólabúið á Reykjum	— 239 969.93
af kr. 396 904.47 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	

kr. 27 027 261.13